

40. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 1. nóvember 2006 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Fjárhagsáætlun, starfsmannahald og búnaður. 2. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

Í upphafi fundar kvaddi formaður sér hljóðs og minntist Gylfa Gröndals rithöfundar, fyrrverandi stjórnarmanns Héraðsskjalasafnsins, sem lést í vikunni. Ákveðið var að heiðra minningu Gylfa með því að senda blómakrans frá Héraðsskjalasafninu í jarðarför hans.

1. Fjárhagsáætlun 2007.

a) Farið var yfir fasta liði í rekstri Héraðsskjalasafnsins og höfð hliðsjón af þessu ári og áætlun fyrir árið 2007. Nokkrir liðir (vörukaupa- og þjónustuliðir) höfðu verið færðir til vegna verðlagsþróunar. Samþykkt var að óska eftir viðbótum vegna ýmiss búnaðar (samtals 245 þús.), m.a. eldfasts skáps (140 þús.), flutningsvagns (30 þús.), lofthreinsitækis (40 þús.) og kæliskáps (35 þús.). Ákveðið var að gera ráð fyrir kr. 500 þús. vegna útgáfu árskýrslu og leiðbeiningarbæklinga. (Sjá fskj. „Greinargerð með fjárhagsáætlun 2007“, 05-311-1191)

b) Vegna ljósmyndavinnslu þarf safnið tölvu sem rúmar stórar tölvuskrár. Verð slíkrar tölvu með viðunandi skjá og auknu vinnsluminni er kr. 192.117, auk þess þarf hugbúnað (photo-shop) fyrir kr. 84 þús. Samþykkt var að óska eftir tveim nýjum skrifstofutölvum með flatskjám.

c) Samþykkt var að leggja til að keyptar verði þýskar skjalaöskjur (Klug) sem eru bæði sterkar og ekki með óæskilegu tréni sem veldur því að pappír gulnar. Tilboð frá Klug-Conservation 1010.2006 gerir ráð fyrir magnafslætti og lagt er til að keyptar verði um 7000 öskjur handa Héraðsskjalasafni og öðrum bæjarstofnunum Kópavogs (4 þús. A-4 þykkasta gerð, 2000 A-4 miðlungsþykk gerð, 1000 af öðrum gerðum). Verð alls 2.698.164. Áætla má flutningskostnað og umsýslukostnað 300 þús. Heildarverð: 3.000.000. (Sjá fskj. 05-311-2032)

d) Skv. 10. grein laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 er kveðið á um að mikilvægustu skjöl skuli vera til á filmum, bæði til öryggis vegna hamfara og til að varðveita skjöl sem láta á sjá vegna eyðingar. Örfilmur þykja öruggari en rafræn varsla og því þykir stjórn Héraðsskjalasafns ráðlegt að stefna að því að geta tekið myndir á örfilmur. Útbúnaður til þess er hins vegar ekki til í bænum. Kostnaður skv. verðupplýsingum frá fyrirtæki í Þýskalandi er áætlaður um 15 milljónir króna. Samþykkti stjórn Héraðsskjalasafnsins að óska eftir fjárheimild á fjárhagsáætlun Kópavogs til að kaupa örfilmubúnað í safnið. (Sjá fskj. „Ósk um fjárveitingu ...“)

e) Starfsmenn. Héraðsskjalavörður leggur fram tillögur um nýja starfsmenn. Rætt var um tillögurnar sem gera ráð fyrir tveim nýjum skjalavörðum til að taka á móti skjalasöfnum, skrá safngögn og veita ráðgjöf og sinna eftirliti gagnvart skilaskyldum

aðilum. Nauðsynlegt er að a.m.k. annar þeirra hafi MA-próf í sagnfræði, hinn BA-próf í sagnfræði hið minnsta. Hinn síðarnefndi ætti m.a. að sinna föstum afgreiðslutíma á lesstofu safnsins 2-3 klst. tvisvar í viku. Gagnlegt er að hafa sumarstarfsmann, gjarnan háskólastúdent, enda hefur reynsla þessa árs sýnt að slíkur vinnukraftur nýtist safninu vel. Samþykkt var að óska eftir að fá að ráða þessa starfsmenn til Héraðsskjalasafnsins. Samþykkt var að óska eftir að endurskoða þarf samning við ljósmyndara safnsins til þess að tryggja að bærinn hafi birtingarrétt á myndum sem hann tekur á vegum safnsins og fela honum jafnframt vörslu ljósmynda og að taka myndir á míkrofilmur.

2. **Önnur mál.** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:45

Ritari Bjarni Ólafsson

Fylgiskjöl: 1. Greinargerð með fjárhagsáætlun 2007, 05-311 Héraðsskjalasafn; 2. 05-311-2032 Pappír og ritföng, ítarlegri greinargerð um skjalaöskjur; 3. Ósk um fjárveitingu árið 2007 til kaupa á búnaði til örfilmumyndatöku í Héraðsskjalasafn Kópavogs ásamt greinargerð